

Alþingi  
Erindi nr. P 14d/109  
komudagur 11.11.2011

Atvinnuveganefnd Alþingis  
B.t. Nefndarsviðs Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

  
Slow Food Reykjavík

Reykjavík, 11. nóvember 2011

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi, 7. mál.**


Slow Food í Reykjavík leyfir sér að senda hérmeð umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu hagkerfisins á Íslandi, 7. mál. Samtökin styðja í einu og öllu umsögn sem Samtök Lífrænna Neytenda hafa þegar sent og er fylgiskjal með þessu bréfi.

Slow Food í Reykjavík leggur sérstaka áherslu á að hin metnaðafulla þingsályktunartillaga um eflingu Græna Hagkerfisins bæti við tveimum mikilvægum atriðum sem af einhverjum ástæðum hafa ekki verið nefnd:

1. **Verksmiðjubú í svína- og kjúklingarækt**, sem eru meðal mest mengandi þátta í landbúnaðinum á heimsvísu og er Ísland þar engin undanteikning, verði takmörkuð í stærð og fjölda - þau eru þar að auki lengst frá sjálfbærni sjónarmiði sem einkennir að mestu skýrsluna um Grænt Hagkerfi;
2. **Útiræktun erfðabreyttra lífvera**, sem er ekki nefnd á nafn, á ekki erindi í Grænt Hagkerfi byggt á sjálfbærni og metnaðinum sem er lýst yfir í skýrslunni ber að fylgja eftir alla leið og gera Íslandi að svæði án erfðabreyttra lífvera eins og svo mörg svæði og lönd í Evrópu, sem hafa ekki einu sinni samið skýrslu um Grænt Hagkerfi.

Að öðru leyti eru fleiri athugasemdir samhljóða þeim sem koma fram í umsögn Samtaka Lífrænna Neytenda.

Virðingarfyllst,



Dominique Plédel Jónsson  
Formaður, Slow Food í Reykjavík  
[dominique@simnet.is](mailto:dominique@simnet.is)  
s.: 898 40 85



Atvinnuveganefnd Alþingis  
B.t. Nefndarsviðs Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. nóvember 2011

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi, 7. mál.**

Samtök Ilfrænna neytenda (SLN) þakka Atvinnuveganefnd Alþingis fyrir að leita eftir umsögn samtakanna varðandi *tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi, 7. mál.*

SLN fagna því að þingsályktunartillagan sé tekin til umræðu og lýsa yfir eindregnum stuðningi við hana. Mörg markmiðanna sem þar eru sett fram eru í fullu samræmi við stefnu SLN. Sérstaklega er mikilvægt og ánægjulegt að sjá hversu heildræn og víðtæk tillagan er, alit frá greiningu til aðgerða.

Að þessu sögðu eru þó nokkur atriði sem SLN telur nauðsynlegt að bæta við þingsályktunartillögunna.

## **Almennar athugasemdir**

### **Verksmiðjubúskapur**

SLN telur mikilvægt að verksmiðjubúskaður sé aðgreindur frá landbúnaði í opinberri stjórnslu, þar með talið styrkjakerfinu og að þingsályktunartillagan, svo og skýrslan um eflingu græna hagkerfisins, taki tillit til þess að iðnvæddur landbúnaður sé staðreynd á Íslandi og taki afstöðu til þess. Til eru erlendar skilgreiningar sem hafa má til hliðsjónar og ennfremur er verksmiðjubúskapur háður reglugerð um mengandi starfsemi (nr. 785/1999).

Rétt er að benda á að nú þegar eru komin verksmiðjubú hér á landi sem falla undir flokk stórra verksmiðjubúa í BNA samkvæmt skilgreiningu Umhverfisstofnunar Bandaríkjanna (sjá: [http://www.epa.gov/npdes/pubs/sector\\_table.pdf](http://www.epa.gov/npdes/pubs/sector_table.pdf)) en þar eru verksmiðjubú með fleiri en 2.500 svín skilgreind sem stór. Til samanburðar er dæmi um verksmiðjubú í svínarækt á Íslandi með leyfi fyrir 8.000 dýr. Þrátt fyrir það virðist vera útbreiddur sá misskilningur að annað hvort séu verksmiðjubú ekki til á Íslandi eða að þau séu ekki stór í samanburði við það sem gerist erlendis.

Minna má á að iðnvæddi landbúnaðurinn er talinn vera einn helsti mengunarvaldurinn þegar kemur að losun gróðurhúsalofttegunda (áætlað 25% af heildarlosun). Verksmiðjubú losa mest metan (32% af losun metans kemur frá landbúnaðinum) að



ótalinni beinni umhverfismengun. Rétt er að benda einnig á hve gríðarlega ósjálfbær og orkufrek iðnvædd landbúnaðarframleiðsla er en hún þarf 10 kalóriur af jarðolíu til að framleiða 1 kal. af matarorku (food energy) og á verksmiðjubúi þarf 50 kal. af jarðolíu til að framleiða 1 kal. af nautakjöti. Til samanburðar þarf ekki nema 1 kal. til að framleiða 2-3 kal. af matarorku í lífrænu kerfi (G. Eshel and Pamela Martin Earth Interactions, December 2006 (University of Chicago) *Diet, Energy Global Warming* - sjá <http://journals.ametsoc.org/doi/pdf/10.1175/EI167.1>).

### **Ræktun á erfðabreyttum lífverum**

SLN telur grundvallaratriði að öll útiræktun á erfðabreyttum lífverum verði bönnuð ("moratorium") eins og mörg lönd og héruð í Evrópu hafa gert (sjá <http://www.gmo-free-regions.org/>), þar sem slíkt á enga samleið með lífrænni ræktun og grænu hagkerfi, þar sem hún er í engu sjálfbær og í henni felast órannsakaðar ógnir sem er áhætta sem að engu leyti er réttlætanleg. Það er margsannað að erfðabreyttar lífverur dreifa sér í náttúrunni með tilheyrandi vandamálum, meðal annars með því að smita og eyðileggja akra í annarri ræktun og því að fyrirtækin sem selja þær hafa einkaleyfi á þeim og geta því innheimt höfundarlaun (royalty) af smituðum ökrum.

## **Athugasemdir við tiltekna greinar tillögunnar**

### **Grein 2**

SLN leggja mikla áherslu að málaflökkurinn heyrir undir forsætisráðuneytið svo tillögunnar nái til allra ráðuneyta og stofnana.

### **Grein 6**

SLN fagna sérstaklega nýjum aðferðum við útreikninga á velgengni þjóða sem byggja á heildrænni og sjálfbærri hugsun sem er í fullu samræmi við lífræna hugmyndafræði. Án þeirra verður erfitt að breyta núverandi ástandi þar sem mælingarnar á þjóðarframleiðslu stýra þróun mála að stórum hluta og byggjast í dag eingöngu á neyslu óháð því hve skaðleg eða ósjálfbær hún er og gefa því ranga mynd af raunverulegri stöðu mála í þjóðfélaginu. Að auki er ekkert tillit tekið til framleiðslu sem er ekki seld og má þar helst nefna framleiðslu til eigin nota t.d. á heimilum.

### **Grein 7**

SLN telur gríðarlega mikilvægt að umhverfiskostnaður sé tekinn til greina þegar kostnaður/arðsemi framkvæmda er reiknuð og þar af leiðandi þegar arðsemi ólíkra framkvæmda er borin saman.

### **Greinar 8-12**

Innleiðing vistvænna innkaupa í samræmi við stefnu um vistvæn innkaup ríkisins hlýtur þar með að leiða til aukinna innkaupa á lífrænum vörum þar sem lífræn framleiðsla er mun vistvænni en ólífræn ("hefðbundin") framleiðsla.

### **Grein 24**

Viðbót við texta (feitletrað):

*"Nýju ákvæði verði bætt í reglur Starfsorku þannig að heimilt verði að samþykkja Starfsorkusamninga vegna nýrra umhverfisverkefna og ennfremur umhverfisverkefna*



**sem þegar eru til staðar svo sem lífræns landbúnaðar sbr. tillögu 33.”**

*Rökstuðningur:* SLN telur nauðsynlegt að það komi ótvírætt fram að lífrænir búskaparhættir séu umhverfisverkefni svo Starfsorkusamningar nái til þeirra.

#### **Grein 25**

Viðbót við texta (feitlettrað):

*“Gerður verði langtímasamningur um stuðning við Grænfánaverkefnið, með það að markmiði að tryggja aðgengi skóla að verkefninu og að sjálfbærnimennt, **p.m.t. um lífræna búskaparhætti**, verði eðlilegur hluti af öllu skólastarfi.”*

*Rökstuðningur:* SLN telur nauðsynlegt að það komi ótvírætt fram að lífrænir búskaparhættir séu sjálfbærir (sbr. rannsóknir Rodale Institute <http://www.rodaleinstitute.org/fst30years>) og menntun um sjálfbærni nái því til þeirra.

#### **Greinar 25-28**

Ný grein sem bætist við greinar 25-28 (kafla 3.4):

*“Stofnuð verði sérstök deild í lífrænum landbúnaði við landbúnaðarháskóla hér á landi til að gefa lífrænum bændum möguleika á að standa ólífrænum bændum jafnfætis meðal annars hvað varðar rannsóknir og framleiðni.”*

*Rökstuðningur:* Núverandi námsframboð hér á landi sem snýr að lífrænum landbúnaði er afar takmarkað. Ef auka á lífræna ræktun hér á landi verða rannsóknir og kennsla að styðja við það.

#### **Grein 29**

Enda hljóti framkvæmd þessarar tillögu að draga úr þróun í átt til verksmiðjubúskapar.

#### **Grein 30**

Enda styður framkvæmd þessarar tillögu þá þróun að leiðréttu þann ranga verðmun sem er á lífrænum og “ólífrænum” matvælum sem er tilkominn vegna þess að framleiðendur ólífrænna matvæla borga einungis hluta af raunverulegum kostnaði við framleiðsluna. Þá er átt við að í kostnaðarverðinu er hvorki tekið tillit til allra þeirra styrkja sem ólífrænir bændur fá m.a. í gegnum niðurgreiðslu á efnum eins og áburði og eitri, né mengunar, náttúruspjalla, óheilmæmi afurðanna fyrir neytendur, óréttlætianlegri og jafnvel ólöglegri meðferð sláturdýra.

#### **Grein 35**

Í beinu framhaldi er nauðsynlegt að framboð á lífrænum áburði verði nægilegt því að í dag er hætt á að lífræn framleiðsla í ylrækt leggist af hér á landi því framboð á lífrænum áburði er langt undir þörfum.

#### **Grein 39**

Viðbót við texta (feitlettrað):

*“Ráðist verði í **greiningu og heildarendurskoðun** á löggjöf um úrgangsmál, m.a. með það að markmiði að **fjarlægja hindranir** í vegi endurvinnsluþænaðar á Íslandi.”*



*Rökstuðningur:* Svo betur megi endurnýta þann úrgang sem til fellur og til að hvetja heimili og fyrirtæki til að flokka úrgang (án þess að þurfa að auka útgjöld sín).

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka lífrænna neytenda

Oddný Anna Björnsdóttir  
Fulltrúi framkvæmdanefndar  
[lifraen@lifraen.is](mailto:lifraen@lifraen.is)  
[www.lifraen.is](http://www.lifraen.is)